


Spur í sandinn - grænar gróðurhvelvingar

TEXTI: HILDUR ARNA GUNNARSDÓTTIR, MYNDIR: HJÖRDIS SIGURDARDÓTTIR OG FLEIRI



Gróðurhvelvingar sem mynda vistvæna klasa með sundlaugum, fjölnota torg, verslun, veitingar, sameldi, fiðrildagarður og kerfisbundin endurnýting er meðal þess sem er á teiknaborði Hjördísar Sigurðardóttur skipulagsfræðings. Grænn heimur á norðurlóðum – allan ársins hring er yfirskrift hugmyndafræði verkefnisins Biodome Reykjavík sem Hjördís stýrir. Hún er stofnandi sprotafyrirtækisins Spur í sandinn sem í vor var valið, meðal níu annarra, til þátttöku í frumkvöðlahraðlinum Startup Reykjavík, sem haldinn er á vegum Klak Innovit og Arion banka. Sumarhúsið og garðurinn gefur Spori í sandinn rós í hnappgatið fyrir snjalla hugmynd sem hefur aukin lífsgæði að leiðarljósi.

▲ Svona gæti gróðurhvelvingin litið út við hlið Laugardalslaugar (mynd unnin af Hornsteinum arkitektum fyrir Spur í sandinn).

Hugmynd Hjördísar gengur út á að byggður verði klasi af gróðurhvelvingum við hlið Laugardalslaugar í Reykjavík og í þeim skapað vistvænt umhverfi. Gert er ráð fyrir að byggð verði ein stór miðhvelving sem minni hvelvingar ganga út frá. Alls um 1500 fermetrar.

„Í gróðurhvelvingunum sé ég fyrir mér margs konar starfsemi en meginstöðin er framleiðsla matvæla og starfssemi tengd henni, svokallaður borgarbúskapur. Það er tími til kominn að sýna hvernig við getum notað þekkingu á auðlindum okkar og hugvit til að þróa nærumhverfið svo eftir sé tekið.“

vin frá kulda og myrkri. „Hvelvingar sem þessar myndu auka lífsgæði fólks og verða nokkurs konar græn paradís allt árið. Það er tími til kominn að sýna hvernig við getum notað þekkingu á auðlindum okkar og hugvit til að þróa nærumhverfið svo eftir sé tekið.“

AUKIN LÍFSGÆÐI OG FERÐAÞJÓNUSTA

Verkefnið segir Hjördís vera sterkt samfélagslega þó að markmiðið sé einnig að skapa arðbæran rekstur byggðan á vistvænum lausnum. Hún fékk hugmyndina eftir að hafa dvalið við nám í Hollandi ásamt börnum sínum. Þar sótti hún grænmetismarkaði tvisvar í viku og hennar nánasta umhverfi var grænt og vænt. „Lífsgæðin þar eru mikil. Hollendingar eru ræktendur í eðli sínu og ég upplifði það að þrátt fyrir að umhverfið sé mun manngerðara þar, þá fannst mér ég vera nær náttúrunni en hér



▲ Gróskumikið og hlýtt markaðstorg í gróðurhvelvingu. Samkvæmt hugmyndum Hjördísar rúma hvelvingarnar margs konar starfsemi en meginstöðin er framleiðsla matvæla og starfssemi tengd henni, svokallaður borgarbúskapur (mynd unnin af Hornsteinum arkitektum fyrir Spur í sandinn).

► Hjördís ásamt börnunum sínum á grænmetismarkaði í Hollandi.

á Íslandi. Umhverfisvitund Íslendinga er almennt ekki góð. Ég er hrædd um að margt ungt fólk hafi ekki hugmynd um hvernig maturinn ratar á diskinn. Í gróðurhvelvingunum getum við fært þekkinguna nær fólki.“

Hjördís er menntaður matvælafræðingur og starfaði við fagið um árabil. Allt þar til hún venti sínu kvæði í kross og lærði umhverfisskipulag við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Til Hollands sótti hún svo meistaraþráðu í skipulagsfræðum. Auk þess að sinna þróunarvinnunni við Spur í sandinn hefur hún komið að kennslu í skipulagsfræði við Landbúnaðarháskólann í vetur. Við þróun verkefnisins hefur hún fengið til liðs við sig öflugt teymi til að vinna að frekari útfærslu hugmyndafræðinnar. „Ég sé verkefnið sem svar við tveimur þáttum; bættum lífsskilyrðum og nýjan áhugaverðan valkost í ferðaþjónustu.“

LAUGARNAR ERU TORGIN OKKAR

Aðspurð segir Hjördís markhópin vera til jafns Íslendingar og erlendir ferðamenn. „Við vitum að sundlaugarnar heimsækir

ótrúlegur fjöldi gesta á ári hverju, bæði innlendir sem útlendir. Sundlaugarnar eru torgin okkar. Í Laugardalslaugina koma 700 þúsund gestir á ári. Með því að tengja gróðurhvelvingarnar laugunum er búin til eins konar framlenging á þessari stemningu og einnig sýnidæmi um bættu nýtingu á vatninu - og kynning á þeirri auðlind sem heita vatnið er.“

FRÁ HUGMYND AÐ FRAMKVÆMD

Hugmynd Hjördísar hefur verið kynnt víða og fengið góðar undirtektir. Hún þykir bæði spennandi og öðruvísi og hefur hún fundið fyrir mikilli hvatningu. Hjördís kynnir nú hugmyndina fyrir fjárfestum og á í viðræðum við Reykjavíkurborg um mögulega staðsetningu gróðurhvelvinganna og er Laugardalurinn efstur á blaði. „Í skipulagi er rætt um Laugardalinn sem græn lungu borgarinnar. Hugmyndin um gróðurhvelvingarnar styður þá stefnu með aukinni grósku og umhverfsgæðum fyrir alla. Hún passar inn í aðalskipulag borgarinnar sem vill styðja við nýsköpun, sjálfbært umhverfi og sterkt samfélag.“



Teymi sérfræðinga

Að verkefninu hefur komið þverfaglegt teymi sérfræðinga og ráðgjafa sem hafa unnið að því að útfæra hugmyndina og finna henni farveg. Teymið samanstendur af Sveini Aðalsteinssyni, PhD í plöntulífisfræði og ráðgjafi (Primordia ehf), Hafsteinn Helgason, yfirmaður viðskiptaþróunarsviðs (Efla verkfræðistofa), Ragnhildur Skarphéðinsdóttir, landslagsarkitekt FÍLA MLI (Hornsteinar arkitektar ehf.) og Aron Levi Beck, byggingafræðingur og meistaranemi í skipulagsfræði. „Í verkefnum framtíðar sem snúa að hönnun sjálfbærra lausna er ein lykilmargferðin þverfagleg samvinna og samtal margra aðila. Þetta eru að ég tel grundvallarforsendur þess að svona verkefni gangi upp,“ segir Hjördís sem fer fyrir teyminu.